

6. Liður E.1 orðast svo: Allt árið úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi og utan línu í 5 sjómílna fjarlægð frá Geirfugladrangi í punkt 64° 43'70 N–24° 12'00 V.
7. Í stað orðanna „réttvísandi frá Malarrifi“ í lið F.3 kemur: réttvísandi vestur frá Malarrifi.
8. Á undan orðunum „Allt árið“ í lið G. Vestfirðir kemur: G.1.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

**um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar,
nr. 3/1987, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% hærra en að framan greinir“ í A-lið 4. gr. laganna kemur: Af bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum og sendi- og hópbifreiðum, sem nýttar eru í atvinnurekstri, skal árgjaldið vera 25% hærra en að framan greinir. Ákvæðið tekur þó aðeins til þeirra sendibifreiða sem notið hafa innskattsfrádráttar á virðisaukaskatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.